

Nd.

80. Tillaga til þingsályktunar

[76. mál]

um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu.

Flm.: Magnús Kjartansson, Lúðvík Jósepsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fullgera endanlega áætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað innfluttrar olíu og ná áætlunin jafnt til framkvæmda sem fjármögnunar. Verði áætlunin við það miðuð að lokið verði við jarðvarmaveitur, þar sem þær eru hagkvæmar, á árinu 1977, og að fyrir lok þessa áratugs eigi landsmenn kost á nægri raforku til húshitunar og annarra þarfa. Í áætluninni verði ákveðnar virkjanir, samtenging allra orkuveitusvæða landsins og breyting á dreifikerfum til að ná þessu marki, enn fremur árleg fjármögnun með innlendum sparnaði og erlendum lántökum.

Greinargerð.

Á síðasta reglulegu þingi flutti þáverandi ríkisstjórn ályktunartillögu um hliðstæð markmið og hér er fjallað um. Tillagan studdist við skýrslu sem Alþingi var flutt um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu, en ítarleg könnun á því efni hafði verið framkvæmd af Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsens og Seðla-bankanum að ósk iðnaðarráðuneytisins. Skýrslur þessar báru ljóslega með sér að þessi markmið væru bæði þjóðhagslega hagkvæm og raunsæ. Ályktunartillaga ríkisstjórnarinnar varð ekki útrædd, en fulltrúar allra flokka lýstu stuðningi við þau markmið sem þar var gerð tillaga um.

Fyrir tæpum áratug var því haldið fram af þáverandi stjórnarvöldum að nýting innlendra orkulinda væri að verða þjóðhagslega óhagkvæm, aðrir ódýrari og hagkvæmari orkugjafar mundu taka við. Í samræmi við það var meira en helmingi allrar raforkuframleiðslu landsmanna ráðstafað til erlends fyrirtækis fyrir afar lágt verð sem haldast skyldi óbreytt til ársins 1997. Reynslan hefur nú staðfest hversu fráleitir þær kenningar voru og sú orkusala sem þá var ákveðin. Þetta hefur aldrei orðið augljósara en eftir að olíukreppan hófst, olía og aðrir hliðstæðir orkugjafar margfölduðust í verði og reynslan leiddi í ljós að raforkuframleiðsla í kjarnorkuverum var margfalt áhættusamari og dýrari en menn höfðu ímyndað sér.

Um það verður ekki lengur deilt að orkulindir íslendinga verða æ dýrmætari og geta á ókomnum áratugum tryggt landsmönnum vaxandi öryggi, velmegun og sjálfræði. Nærtækasta og brýnasta verkefnið er að tryggja landsmönnum öllum næga orku til daglegra þarfa sinna, þ. á m. til húshitunar. Slík nýting jafngildir verulegri gjaldeyrisöflun þar sem hún dregur stórlega úr innflutningi á æ dýrara eldsneyti. Hún styrkir efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, gerir hana óháðari pólitískum átökum sem hlotist geta af sívaxandi orkukreppu. Hún eykur jafnrétti landsmanna og jafnvægi í byggð um leið og aflétt hefur verið því ástandi að verulegur hluti landsins húi við orkuskort. Því telja flutningsmenn að þetta verkefni verði að hafa algeran forgang á sviði orkumála næstu árin; ráðstöfun orku til annarra þarfa komi ekki til greina ef hún rekst á þau markmið að flýta svo sem vinnuafli, fjármagn og aðrar aðstæður leyfa nýtingu innlendra orkugjafa í stað innflutts eldsneytis og tryggja jafna aðstöðu almennings í öllum landshlutum.